

Tónmennt

5.-7. bekkur

Tónmenntarkennsla í 5.-7. bekk í Hörðuvallaskóla tekur mið af þeim hæfniviðmiðum sem sett eru fram í Aðalnámskrá .

Hæfniviðmiðin úr Aðalnámskrá koma fram í fremsta dálkinum hér fyrir neðan.

Í kennsluáætlunum og verkefnum inni í Mentor sést hvað sett er á oddinn á hverju tímabili í árgöngum.

Námsmat Hörðuvallaskóla fer fram jafnt og þétt á námstíma nemenda og er órjúfanlegur hluti náms og kennslu. Í Hörðuvallaskóla eru allir þættir námsins metnir miðað við hæfniviðmið Aðalnámskrár. Lögð er áhersla á að hafa matsaðferðir fjölbreyttar og að þær hæfi þeim viðfangsefnum sem verið er að meta. Eins eru þau verkefni sem valin eru til mats fjölbreytt og í samræmi við kennslutilhögun.

Námsmat skiptist í leiðsagnarmat og lokamat. Símat, sjálfsmat og jafningjamat eru einnig vinnubrögð í námsmati sem geta flokkast undir leiðsagnarmat eða lokamat eftir því hvernig unnið er úr því.

Námsmat grundvallast af hæfniviðmiðum viðkomandi námsgreinar í aðalnámskrá grunnskóla og er birt á hæfnikorti nemenda á Mentor þar sem fylgjast má með framvindu náms nemenda. Nemendur fá fjölbreytt tækifæri til að sýna fram á hæfni sína eins og aðalnámskrá kveður á um.

Formlegt lokamat fer aðeins fram í lok 10. bekkjar.

Tónmennt

Hæfniviðmið	Viðfangsefni	Leiðir	Námsefni	Mat
<p>Nemandi getur: Greint og valið hljóðfæri og hljóðblæ við hæfi í tónsköpun og hlustun. Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra. Notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk. Tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það. Greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana. Greint og útskýrt samhengi tónlistar og ólík tónlistarstílbrigði og tengt við þá menningu sem hann er sprottinn úr. Greint og að einhverju marki metið og endurskoðað eigin sköpunarverk og skólasystkina sinna í tónlist af sanngirni.</p>	<p>Samsöngur og lærðir textar. Nemendur búa til eigin tónlist á sílafóna og í tónlistaröppum í ípad. Gripið á tónlistarsögunni, farið í helstu tónlistarmenn/hljómsveitir.</p>	<p>Hlustun. Hljóðfæraleikur. Samspil. Innlögn. Skapandi vinna margskonar. Efni af veraldarvef. Efni frá kennara.</p>	<p>Söngtextar og nótur. Ípad. Youtube og annað efni af veraldarvef. Kennsluvefurinn tonmennt.com. Garageband ofl. Öpp.</p>	<p>Leiðsagnarmat. Skil á verkefnum. Símat.</p>